



Skaftárhreppur

Hr. Ragnar Jónsson
kt. 150248-4509
Dalshöfða
881 Kirkjubæjarklaustri

Kirkjubæjarklaustri 12.05.2022

Efni: Hnútuverkjun í Hverfisfljóti – Framkvæmdaleyfi.

Deiliskipulag svæðisins tók gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda 11.03.2022.

Á 173.fundi skipulagsnefndar Skaftárhrepps þann 25.apríl 2022 var tekin fyrir umsókn Ragnars Jónssonar um framkvæmdaleyfi fyrir Hnútuverkjun í Hverfisfljóti og var þar eftirfarandi bókað:

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi fyrir Hnútuverkjun í Hverfisfljóti verði samþykkt skv. framlögðum gögnum og framkvæmdaleyfi gefið út skv. reglugerð nr. 772/2012 Framkvæmdaðila er jafnframt bent á nauðsyn þess að taka tillit til vegabóta á heimreið frá Þjóðvegi að Dalshöfða.
RÞG, JHK og BVG samþykkja veitingu framkvæmdaleyfis
BKG og GBP hafna þessari afgreiðslu*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók málið fyrir á 475.fundi sínum þann 27.apríl 2022 og bókaði eftirfarandi:

BVG, JKG og JHK staðfesta afgreiðslu RÞG, JHK og BVG. JBJ og HGÁ hafna afgreiðslunni.

Z-listi óskar eftirfarandi bókunar;

Z-listinn Sól í Skaftárhreppi leggst alfarið gegn veitingu framkvæmdaleyfis Hnútuverkjunar í Hverfisfljóti og vísar til efnislegs rökstuðnings sem fram kemur í bókunum skipulagsnefndar sveitarfélagsins og sveitarstjórnar, svo og umsögnum fagstofnana, það er Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar auk aðsendra athugasemda.

Náttúra Skaftárhreppser er einstök og er gegnum ferðaþjónustu stærsta tekjulind sveitarfélagsins auk þess sem ferðaþjónusta fellur vel sem tekjumöguleiki með landbúnaði. Náttúra svæðisins er ómetanleg landinu öllu af sömu ástæðum, mikilvægi landslagsheilda, jarðfræðilegra minja og sögu lands og þjóðar. Náttúra svæðisins er ekki einkamál heimafólks en með framkvæmdinni verður gljúfri sem myndast hefur frá

Skipulags- og byggingafulltrúi
Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri,
s. 487-4837, gsm. 897-4837, netfang: bygg@klaustur.is



Skaftárhreppur

lokum Skaftárelda raskað og er það á fáum stöðum, ef nokkurstaðar, sem hægt er að horfa á slíkt gljúfur verða til.

Sveitarstjórn fer með skipulagsvald en það er afar umhugsunarvert að meirihluti sveitarstjórnar með 141 atkvæði á bak við sig í síðustu sveitarstjórnarkosningum geti tekið ákvörðun um að heimila slíka framkvæmd. Þessi 141 atkvæði eru 0,08% af greiddum atkvæðum á landsvísu í sveitarstjórnarkosningum 2018. Valdi fylgir ábyrgð og er þetta skýrt dæmi um að skipulagsvald sveitarfélaga án beinna aðkomu fagstofnana þarf að endurskoða þar sem frændsemi, vinfengi og greiðasemi við nágretta geta leitt til ákvarðana með skelfilegum óafturkræfum afleiðingum fyrir heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Sérstka áherslu leggur Z-listinn á þá staðreynd að rök meirihlutans um að Hnútuvírkjun tryggji afhendingaröryggi rafmagns í sveitarfélaginu eru röng þar sem gert er ráð fyrir að stöðva vikjunina hluta úr ári, jafnvel bæði sumar og vetur annars vegar vegna aurburðar og hins vega vegna vatnsþurrðar. Þar fer sú eina ástæða, sem tefla mætti fram með lágmarkssannfæringarkrafti, fyrir því að rjúfa landslagsheild sem ósnortin er af virkjanaframkvæmdum öðrum en litlum heimarafstöðvum.

D-listinn leggur fram eftirfarandi bókun;

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur að virkjun í Hverfisfljóti muni bæta tekjumöguleika sveitarfélagsins til framtíðar, bæði með beinum og óbeinum hætti, hvort sem er með störfum á uppbyggingartíma eða til framtíðar. Jafnframt mun virkjunin gefa græna orku sem aflað er innan sveitarfélagsins á ábyrgan hátt og með sjálfbærni að leiðarljósi. Virkjunin mun einnig bæta öryggi á afhendingu raforku í sveitarfélaginu. Framkvæmd þessi samræmist aðgerðaráætlun stjórnvalda varðandi orkuskipti á landinu en í henni er stefnt að því að auka hlutdeild innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað jarðefnaeldsneytis.

Framkvæmdaleyfi fyrir Hnútuvírkjun í Hverfisfljóti í samræmi við umsókn Ragnars Jónssonar er hér með veitt með vísun í ofangreinda samþykkt sveitarstjórnar Skaftárhrepps frá 27. apríl 2022.

Gert er ráð fyrir að upphaf framkvæmda verði um mitt ár 2022 og áætluð verklok fyrir lok árs 2024.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að liggja fyrir samkomulag milli framkvæmdaaðila og sveitarfélagsins hvernig staðið verði að eftirliti með framkvæmdum.

Samkvæmt gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggigarfulltrúa fer framkvæmdaleyfisgjaldið eftir umfangi framkvæmdar og skal fjárhæð gjaldsins ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits. Framkvæmd eftirlits og framkvæmdaleyfisgjalds fyrir öllum framkvæmdum við Hnútuvírkjun í Hverfisfljóti verður í samræmi við sérstakt samkomulag sem gert verður áður en framkvæmdir hefjast milli framkvæmdaaðila og sveitarfélagsins.

Skipulags- og byggingafulltrúi
Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri,
s. 487-4837, gsm. 897-4837, netfang: bygg@klaustur.is



Skaftárhreppur

Ef umfang eftirlits á framkvæmdatíma reynist vera meira en áætlað er við útgáfu framkvæmdaleyfis áskilur embætti skipulags- og byggingafulltrúa sér rétt til að krefjast viðbótargreiðslu framkvæmdaleyfisgjalds. Upphæð þeirrar viðbótargreiðslu skal nema þeim kostnaði sem embættið ber af vinnu við eftirlit umfram áætlun við útgáfu leyfis.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan tólf mánuða frá útgáfu þess, sbr. 15.gr. skipulagslaga nr 123/2010 og 14.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað. Tilkynna þarf skipulags- og byggingafulltrúa um upphaf framkvæmda.

Virðingarfyllst,

Ólafur E Júlíusson

Skipulags- og byggingafulltrúi

